

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 8
106 Reykjavík

Garðabær, 18. september 2025
202508-0075/P.V.B.
10.03.01

Efni: Umsókn um leyfi - Framkvæmdir á friðlýstum svæðum - Landmannalaugar

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðafélags Íslands, dagsett 22. ágúst 2025, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins að Fjallabaki.

Friðland að Fjallabaki er friðlýst sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásýnd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til endurnýjunar á hitaveitu og kaldavatnsbrunnum í Landmannalaugum og setja niður vatnslagnir. Myndir sem sýndu staðsetningu núverandi brunna og hvar fyrirhugað er að setja niður nýja brunna og lagnaleið fylgdu með umsókn. Ekki er verið að skipta um vatnslind. Kaldavatnsbrunnurinn verður í sömu stærð og eldri brunnur (120 cm x 120 cm) með álloki. Utan á brunnin kemur grjót til að halda honum á sýnum stað. Lög verður vatnsleiðsla frá nýjum brunni að eldri og hún tengd við fyrirbyggjandi lagnir. Lögnin yrði grafin lítillega niður og hulin grasi. Heitavatnsbrunnurinn yrði endurfóðraður. Við framkvæmdirnar yrði notuð lítill beltagrafa sem yrði keyrt eftir göngustíg að heitavatnsbruninum. Framkvæmdir myndu hefjast í byrjun september og ljúka eins fljótt og kostur er. Að verkinu kæmu 3-5 starfsmenn

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur framkvæmdina við vatnsbrunna í Landmannalaugum ekki líklega til að hafi áhrif á verndargildi né náttúrufar svæðis sé farið að skilyrðum leyfisins. Ferðafólk getur orðið fyrir tímabundinni truflun þar sem gönguleiði liggur framhjá framkvæmdasvæði. Viðhald á lögnum og brunnum er nauðsynlegt þannig að hægt verði að taka á móti þeim fjölda sem sækir Landmannalaugar heim og því óhjákvæmilegt að þeir verði fyrir truflun af völdum framkvæmdarinnar.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Ferðafélag Íslands fyrir sitt leyti leyfi til framkvæmda innan friðlandsins að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Brunnarnir skulu falla vel að landi og ásýnd þeirra snyrtileg.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna. Við uppgræðslu sára í gróðurþekju skal notast við staðargróður.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkjana og ef notkun þeirra er hætt skulu þau fjarlægð/afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka beltagrófu að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Landmannalaugar eru innan þjóðlendu og gæti leyfi forsætisráðuneytisins þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

Valdimar Kristjánsson
sérfræðingur